

Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á trausti almennings til stofnana á sviði eftirlits og löggæslu.
Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára
Dagsetning: 19. október 2009

Landhelgisgæslan meðal þeirra stofnana sem njóta mests trausts Hlutfallslega fáir segjast bera traust til Útlendingastofnunar

Stór hluti svarenda, eða 77,6%, segjast bera mikið traust til Landhelgisgæslunnar. Þessi fjöldi skipar Landhelgisgæslunni á bekk með Lögreglunni á lista yfir þær stofnanir sem njóta mests trausts meðal Íslendinga (sbr. könnun MMR frá í september 2009 þá naut Lögreglan trausts meðal 80,9% svarenda). Einungis 5% svarenda segjast bera lítið traust til Landhelgisgæslunnar – sem þýðir með öðrum orðum að 15,5 sinnum fleiri segjast bera mikið traust til Gæslunnar en segjast bera lítið traust til hennar.


Embætti Ríkislögreglustjóra nýtur mikils trausts meðal 47,1% svarenda, samanborið við 19,6% sem segjast bera lítið traust til embættisins (þ.e. 2,4 sinnum fleiri treysta embættinu en vantroysta því).

Fangelsismálastofnun nýtur mikils trausts meðal 42,1% svarenda, samanborið við 16% sem segjast bera lítið traust til stofnunarinnar (þ.e. 2,6 sinnum fleiri treysta embættinu en vantroysta því).

Útlendingastofnun sker sig úr að því leitinu til að hún nýtur lítills trausts meðal fleiri (28,0%) en segjast bera mikið traust til hennar (23,3%). Það er, 20% fleiri segjast bera lítið traust til stofnunarinnar en segjast bera mikið traust til hennar. Útlendingastofnun er jafnframt sú af ofangreindum stofnunum sem færast segjast bera mikið traust til – eða 23,3% eins og áður sagði.

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög lítið“ eða „frekar/mjög mikið“-



Spurt var: Hve mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila.

Svarmöguleikar voru: Mjög lítið traust, frekar lítið traust, hvorki mikið né lítið traust, frekar mikið traust, mjög mikið traust og veit ekki.

Niðurstöður sýna fjölda þeirra sem svöruðu annað hvort mjög/frekar mikið eða lítið traust.

Samtals tóku 97,1% afstöðu til spurningarinnar.

Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR*

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun*

Svarfjöldi: 968 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 13.-16. október 2009

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.